



FRÉTTABRÉF

hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga

Febrúar 2013

2. tbl. 5. árgangur 2013

Fjárhagsáætlanir 2013

Inngangur

Sveitarstjórnir skulu samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu ár þar á eftir eigi síðar en 15. desember ár hvert. Þegar sveitarstjórn afgreiðir fjárhagsáætlun fyrir komandi ár er ekki verið að setja upp lauslega áætlun um tekjur og gjöld fyrir komandi rekstrarár heldur er sveitarstjórnin að taka ákvörðun um fjárheimildir og og hvernig þeim er ráðstafað til rekstrar og fjárfestinga. Einungis má bregða út frá samþykktri fjárhagsáætlun með sérstakri ákvörðun sveitarstjórnar hverju sinni sem skal birt í sérstökum viðauka. Ætíð skal vera tryggt að nýjum útgjöldum séu markaðar skilgreindar tekjur. Með því móti á að vera tryggt að hvert sveitarfélag sé ætíð rekið samkvæmt samþykktum fjárheimildum. Fjárhagsáætlun fyrir komandi rekstrarár er því mikilvægt stjórnunartæki við rekstur hvers sveitarfélags. Niðurstöður fjárhagsáætlana leiða í ljós mikilvægar upplýsingar um hvert stefnir í rekstri og efnahag sveitarfélaga á komandi ári.

Í 64. grein sveitarstjórnarlaga eru fjármálareglur sveitarfélaga skilgreindar. Þær eru jafnvægis-

regla og skuldaregla og eru skýrðar út sem hér segir:

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B- hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærrí en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Þessar fjármálareglur hafa þegar haft veruleg áhrif á vinnu við gerð fjárhagsáætlana hjá sveitarfélögum.

Sveitarfélög á Íslandi eru nú 74 talsins. Íbúafjöldi þeirra er afar misjafn, landfræðilegar aðstæður þeirra eru mismunandi, svo og ýmis önnur atriði sem skipta miklu máli við rekstur þeirra. Þannig segir heildarniðurstaða úr rekstri sveitarfélaga ekki nema hluta sögunnar þegar afkoma þeirra er metin. Vegna þessa breytilegu aðstæðna er sveitarfélögum deilt upp í fjóra flokka til frekari glöggvunar þegar niðurstöður

fjárhagsáætlana eru skoðaðar. Þeir eru sem hér segir:

- Reykjavíkurborg;
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkurborgar;
- Vaxtarsvæði; Sveitarfélög frá og með Borgarbyggð, suður um Reykjanes og til og með Sveitarfélaginu Árborg, Akureyrarkaupstaður, Fljótisdalshérað og Fjarðabyggð;
- Önnur sveitarfélög;

Þessi flokkun er einn valkostur af ýmsum fleirum sem hægt er að nota til að flokka sveitarfélögin. Hægt er að nota aðrar breytur til að leiða fram ákveðinn eðlismun í þeim aðstæðum sem sveitarfélög búa við.

Hér á eftir eru birtar upplýsingar úr fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2013 (A-hluti) eins og skil þeirra voru í síðustu viku janúar. A-hluti sveitarsjóðs er fjármagnaður að mestu leyti með skatttekjum og hann ber endanlega ábyrgð á rekstri B-hluta fyrirtækja og stofnana ef þau búa við óviðráðanlegan hallarekstur. Aftur á móti er miklum takmörkunum háð að flytja rekstrarafgang frá B-hluta fyrirtæki yfir til A-hluta sveitarsjóðs. Því skiptir rekstrarstaða og efnahagur A-hlutans höfuðmáli fyrir fjármálalega stöðu hvers sveitarfélags.

Í töflu 1 kemur fram að í lok janúar 2013 hafa 49 sveitarfélög með 96,3% íbúanna skilað fjárhagsáætlunum inn til Hagstofu Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í töflunni sést að það eru einkum sveitarfélög í flokknum „Önnur sveitarfélög“ sem hafa ekki enn skilað niðurstöðum úr fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 til sambandsins. Nokkur þeirra hafa fengið formlegan frest til að skila fjárhagsáætlun síðar en tímamörk sveitarstjórnarlaga kveða á um. Niðurstöður úr fjárhagsáætlunum þeirra sveitarfélaga sem hafa skilað upplýsingum eru færðar upp hlutfallslega innan hvers flokks með hliðsjón af íbúafjölda þannig að þær gildi fyrir öll sveitarfélög landsins. Þegar niðurstöður liggja fyrir frá sveitarfélögum með um 90% íbúanna þá er óhætt að segja að þær séu mjög marktækar fyrir heildina. Niðurstöður frá sveitarfélögum þar sem búa tæp 80% íbúanna gefa á hinn bóginn ágætlega marktækar ábendingar um endanlega útkomu. Því gefur þessi heimta á fjárhagsáætlunum mjög góða mynd af heildarniðurstöðunum þó vitaskuld eigi markmiðið að vera 100% skil.

Unnið er að því að koma skilum á fjárhagsáætlunum yfir í rafrænt form. Það á bæði að gera skilin skilvirkari svo og að þau verði fyrr á ferðinni. Vonir standa til að það fyrirkomulag nýtist flestum sveitarfélögum á næsta ári.

Tafla 1: Skil fjárhagsáætlana

	Reykjavíkurborg	Hlutf. af heild	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutf. af heild	Vaxtarsvæði	Hlutf. af heild	Önnur sveitarfélög	Hlutf. af heild	Samtals
Íbúafjöldi	118.814	37,2%	84.780	26,5%	71.132	22,3%	44.789	14,0%	319.515
Íbúafjöldi í sveitarfélagi sem hafa skilað	118.814		84.560		65.908		38.524		307.806
Fjöldi sveitarfélaga	1		6		16		51		74
Fjöldi sveitarf. sem hefur skilað	1		5		13		30		49
Útsvarsprósenta (vegið meðaltal)	14,48%		14,34%		14,47%		14,47%		14,42%
Hlutfall af íbúafjölda		100,0%		99,7%		92,7%		86,0%	96,3%

Hér á eftir verður farið yfir niðurstöður úr fjárhagsáætlunum fyrir árið 2013. Skil í einstökum flokkum koma fram í töflu 1.

Í töflu 1 kemur m.a. fram íbúafjöldi í hverjum flokki, íbúafjöldi þeirra sveitarfélaga sem hafa skilað fjárhagsáætlunum svo og skil fjárhagsáætlana eftir einstökum flokkum. Skilin eru lökust í flokknum „Önnur sveitarfélög“ eins og

fyrri ár. Einnig kemur fram í þessari töflu vegið meðaltal útsvarsprósentu í hverjum flokki svo og landsmeðaltal útsvarsálagningar. Útsvar er mikilvægasti tekjustofn sveitarfélaganna og því rétt að draga sérstaklega fram upplýsingar um álagningarhlutfallið. Útsvarsálagningin hefur að jafnaði verið lægst á undanförunum árum hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“ og verður svo enn á árinu 2013.

Niðurstaða rekstrar

1. Rekstraryfirlit

Í rekstraryfirliti fjárhagsáætlunar er birt yfirlit um tekjur og gjöld sveitarfélaganna. Þar eru einnig tilteknar afskriftir, breytingar á lífeyrisskuldbindingum, fjármagnstekjur og gjöld ásamt óreglulegum liðum (tekjur/gjöld). Niðurstaða tekna og gjalda úr rekstraryfirliti fjárhagsáætlana er birt í töflu 2.

Í töflu 2 koma fram niðurstöður fjárhagsáætlana um tekjur og gjöld sveitarfélaganna fyrir



árið 2013. Hlutfall íbúa í hverjum flokk er birt til samanburðar. Breytingar á lífeyrisskuldbindingum eru færðar sem laun og launatengd gjöld og eru þannig hluti af rekstrarútgjöldum. Framlegð er því reglulegar tekjur að frádrögnum rekstrargjöldum. Heildarframlegð sveitar-

Tafla 2: Niðurstaða rekstrar

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutf. af tekjum	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutf. af tekjum	Vaxtarsvæði	Hlutf. af tekjum	Önnur sveitarfélög	Hlutf. af tekjum	Samtals	Hlutf. af tekjum
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	118.814	37,2%	84.780	26,5%	71.132	22,3%	44.789	14,0%	319.515	100,0%
Skatttekjur	60.404	79,3%	39.082	74,3%	33.739	64,9%	20.101	58,4%	153.326	71,3%
Framlög jöfnunarsjóðs	5.123	6,7%	3.856	7,3%	8.899	17,1%	7.721	22,4%	25.599	11,9%
Þjónustutekjur og aðrar t.	10.687	14,0%	9.640	18,3%	9.357	18,0%	6.582	19,1%	36.266	16,9%
Samtals reglulegar tekjur	76.214	100,0%	52.578	100,0%	51.995	100,0%	34.403	100,0%	215.191	100,0%
Laun og launatengd gjöld	41.778	54,8%	26.838	51,0%	26.949	51,8%	17.866	51,9%	113.431	52,7%
Annar rekstrarkostnaður	30.025	39,4%	18.496	35,2%	19.126	36,8%	13.062	38,0%	80.709	37,5%
Samtals rekstrargjöld	71.803	94,2%	45.334	86,2%	46.075	88,6%	30.928	89,9%	194.140	90,2%
Framlegð (reglulegar tekjur-rekstrargjöld)	4.411	5,8%	7.245	13,8%	5.921	11,4%	3.475	10,1%	21.051	9,8%
Hlutfall af heildarframlegð		21,0%		34,4%		28,1%		16,5%		100,0%

félaganna er áætluð vera 21,0 ma.kr. sem eru 9,8% af áætluðum heildartekjum. Það er mjög álíka niðurstaða og á fyrra ári en þá var hlutfallið 10%. Framlegð sem hlutfall af heildartekjum er hæst hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ en lægst hjá Reykjavíkurborg.

Í framhaldi af þessu er áhugavert að sjá þetta yfirlit sett upp miðað við niðurstöður á hvern íbúa. Þá fæst á ýmsan hátt raunhæfari sam-
anburður á milli einstakra flokka.

Í töflu 3 er birt yfirlit um tekjur og gjöld á hvern íbúa eftir einstökum flokkum svo og meðaltal fyrir landið allt. Skatttekjur eru hæstar á hvern íbúa í „Reykjavíkurborg“ en greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á hvern íbúa eru langhæstar hjá „Öðrum sveitarfélögum“. Þar nokkru neðar kemur „Vaxtarsvæði“ og eins og gefur að skilja.

Heildartekjur á íbúa eru hæstar í flokknum „Önnur sveitarfélög“ og „Vaxtarsvæðið“ liggur þar nokkru neðar.

Hafa ber í huga í þessu sambandi að mögulegt er að færslur á framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til einstakra sveitarfélaga vegna þjón-

ustu við fatlað fólk séu ekki færðar allstaðar á sambærilegan hátt. Hér hafa þessar greiðslur verið skilgreindar og færðar sem „Framlög jöfnunarsjóðs“ eftir því sem mögulegt er. Fyrir kemur að þær séu færðar sem „Þjónustutekjur og aðrar tekjur“. Því getur verið um eitthvað ósamræmi á milli einstakra sveitarfélaga hvað hlutdeild Jöfnunarsjóðs varðar af heildartekjum en það hefur ekki áhrif á heildarniðurstöðu rekstrar.

Einnig ber á það að minna að í öðrum tilvikum renna þessar greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk beint til byggðasamlaga eða þjónustusvæða sem annast framkvæmd verkefnisins. Þessar greiðslur koma ekki inn í ársreikninga sveitarfélaga og má því segja að í þessu sambandi sé ákveðin ónákvæmni til staðar enn sem komið er.

Glögggt kemur fram hve rekstrarkostnaður sveitarfélaga á hvern íbúa er hærri hjá sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins (Reykjavíkurborg og Höfuðborgarsvæðið án Reykjavíkur). Þar eru sveitarfélög fámennari og ýmsar aðrar aðstæður leiða af sér meiri rekstrarkostnað. Það á bæði við um launakostnað og annan rekstrarkostnað. Framlegð á hvern íbúa er áberandi lægst hjá Reykjavíkurborg. Þar á

Tafla 3. Niðurstaða rekstrar, kr. á íbúa

Kr. á íbúa	Reykjavíkurborg		Höfuðborgarsv. án Rvk		Vaxtarsvæði		Önnur sveitarfélög		Meðaltal f. landið	
		% af tekjum		% af tekjum		% af tekjum		% af tekjum		% af tekjum
Skatttekjur	508.391	79,3%	460.986	74,3%	474.313	64,9%	448.785	58,4%	479.871	71,3%
Framlög jöfnunarsjóðs	43.118	6,7%	45.480	7,3%	125.111	17,1%	172.379	22,4%	80.118	11,9%
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	89.947	14,0%	113.706	18,3%	131.547	18,0%	146.947	19,1%	113.503	16,9%
Samtals reglulegar tekjur	641.456	100,0%	620.173	100,0%	730.970	100,0%	768.112	100,0%	673.491	100,0%
Laun og launatengd gjöld	351.625	54,8%	316.556	51,0%	378.861	51,8%	398.894	51,9%	355.010	52,7%
Annar rekstrarkostnaður	252.706	39,4%	218.165	35,2%	268.875	36,8%	291.636	38,0%	252.598	37,5%
Samtals rekstrargjöld	604.331	94,2%	534.721	86,2%	647.736	88,6%	690.531	89,9%	607.607	90,2%
Framlegð	37.125	5,8%	85.452	13,8%	83.234	11,4%	77.581	10,1%	65.884	9,8%

Tafla 4. Niðurstöður úr rekstraryfirliti sveitarfélaganna

M.kr.	Reykjavíkurborg	% af tekjum	Höfuðborgarsvæðið án Rvk.	% af tekjum	Vaxtar-svæði	% af tekjum	Önnur sveitarfélög	% af tekjum	Samtals	% af tekjum
Framlegð	4.411	5,8%	7.245	13,8%	5.921	11,4%	3.475	10,1%	21.051	9,8%
Afskriftir	3.641	4,8%	2.486	4,7%	2.559	4,9%	1.198	3,5%	9.884	4,6%
Niðurstaða án fjármunat. og (gjalda)	770	1,0%	4.758	9,0%	3.362	6,5%	2.277	6,6%	11.167	5,2%
Fjármunatekjur og (gjöld)	442	0,6%	3.992	7,6%	2.938	5,7%	530	1,5%	7.902	3,7%
Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði	328	0,4%	766	1,5%	424	0,8%	1.747	5,1%	3.265	1,5%
Óreglulegir liðir	0		0		0		0		0	
Rekstrarniðurstaða eftir óreglulega liði	328	0,4%	766	1,5%	424	0,8%	1.747	5,1%	3.265	1,5%

eftir koma „Önnur sveitarfélög“ en ekki er þó mikill munur á framlegð á hvern íbúa í sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar.

Reiknaðir liðir skipta máli varðandi afkomu sveitarfélaganna, enda þótt þeir komi ekki til útgjalda á árinu. Þar er fyrst og fremst um að ræða afskriftir. Niðurstaða úr rekstraryfirliti sveitarfélaganna eftir að tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða kemur fram í töflu nr. 4.

Í töflu 4 kemur fram að afkoma sveitarfélaganna, eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra liða og fjármagnsliða, er í heildina tekið lakari en æskilegt væri, þó hún hafi heldur batnað frá fyrra ári. Rekstrarniðurstaða sem hlutfall af heildartekjum er jákvæð sem

nemur rúmlega 1,5% þegar tekið er tillit til afskrifta og fjármagnsliða. Mikill fjármagnskostnaður hefur veruleg áhrif á endanlega niðurstöðu. Hann samanstendur bæði af raunverulegum útgjöldum og tekjum en einnig af reiknuðum liðum, s.s. vegna gengisbreytinga og verðbóta. Rekstrarniðurstaða fyrir óreglulega liði er reiknuð sérstaklega út. Hún segir hver sé afkoma sveitarfélaganna af hefðbundnum rekstri. Þar til viðbótar koma óreglulegir liðir sem geta verið mjög breytilegir frá einu ári til annars. Óreglulegir liðir geta verið tekjur vegna sölu eigna, sölu byggingarréttar og kostnaður vegna sérstakra aðstæðna s.s. náttúruhamfara eða annað sem telst ekki til hefðbundinnar starfsemi sveitarfélaga. Sveitarfélögin gera ekki ráð fyrir færslum undir þennan lið á árinu 2013 í fjárhagsáætlunum sínum.



2. Sjóðstreymi

Í sjóðstreymisyfirliti fjárhagsáætlunar kemur fram hve mikið lausafé er afgangur í rekstrinum þegar búið er að borga daglega reikninga, hve miklar fjárfestingar eru fyrirhugaðar, hve mikil fjárförf er vegna fjárfestinga og afborgana af lánnum og hvernig þessi fjárförf er fjármögnuð. Þetta yfirlit er ekki síður mikilvægt til að átta sig á greiðsluhæfi sveitarfélags en rekstraryfirlitið. Veltufé fé frá rekstri er það fjármagn sem afgangur er frá daglegum rekstri og nýtist til að greiða afborganir lána og annarra skuldbindinga og standa þar að auki undir fjárfestingum. Í annan stað kemur þar fram hve sveitarfélagið hefur mikið fjármagn eftir til að standa undir fjárfestingum þegar búið er að greiða afborganir langtímalána.

Í töflu 5 kemur fram yfirlit um áætlað sjóðstreymi sveitarfélaganna á árinu 2013 samkvæmt fjárhagsáætlunum þeirra.

Þá er búið að bakfæra alla reiknaða liði úr uppgjöri rekstrarreiknings. Veltufé er góður mælikvarði á hve auðvelt er fyrir rekstraraðila að standa undir áhvílandi skuldbindingum. Ef veltufé frá rekstri dugur t.d. ekki til að standa undir afborgunum langtímalána er fullrar varúðar þörf því þá verður að taka lán til að greiða afborganir eldri lána og til að fjármagna framkvæmdir að fullu. Slíkt ástand getur einungis gengið í tiltölulega skamman tíma. Ef veltufé frá rekstri er neikvætt ættu allar viðvörunarþjöllur að hringja. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum er lægst hjá „Öðrum sveitarfélögum“ (8,5%) og þar næst hjá Reykjavíkurborg (9,0%). Að jafnaði er það 9,3% og hefur hækkað um tvö prósentustig frá fyrra ári.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru áætlaðar samtals um 15,2 ma.kr. sem er hækkan um 2,5 ma.kr. frá fyrra ári. Þar af eru 6,6 ma.kr. hjá Reykjavíkurborg sem er heldur umfram hlutdeild borgarinnar í heildaríbúafjölda landsins. Sala rekstrarfjármuna nemur óverulegum hluta af fjármögnun fjárfestinga í varan-

Tafla 5. Sjóðstreymisyfirlit

M.kr.	Reykjavíkurborg	Höfuðborgarsvæðið án Rvk.	Vaxtar-svæði	Önnur sveitarfélög	Samtals 2013	Áætlun 2012
Veltufé frá rekstri	6.897	5.298	4.893	2.910	19.998	14.402
Veltufé frá rekstri (% af tekjum)	9,0%	10,1%	9,4%	8,5%	9,3%	7,3%
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm.	6.598	3.008	2.909	2.655	15.170	12.655
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	650	123	183	26	982	859
Eignarhlutir í félögum, breyting	87	52	135	0	274	-1.995
Breyting langtímakrafna	-3.899	-36	1.595	256	-2.084	-576
Fjárfestingarhreyfingar	9.934	2.973	1.265	2.374	16.546	10.377
Tekin ný langtímalán	3.299	6.066	1.721	2.036	13.122	10.915
Afborganir langtímalána	1.492	9.059	5.152	1.956	17.658	15.456
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyt.	211	307	-239	-514	-235	272
Langtímask. v. eigin fyrirt. breyting	0	311	-152	-95	63	240
Skammtímalán, breyting	0	-173	84	107	18	135
Fjármögnunarmarkaðshreyfingar	2.018	-2.549	-3.737	-422	-4.690	-3.894
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-1.019	-224	-109	114	-1.238	130

legum rekstrarfjármunum. Ný lántaka er áætluð 13,1 ma.kr sem er hækkun um 2.2. ma.kr. frá árinu 2012. Hlutfallslega er lánataka mest hjá „Höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“. Áætlað að greiða niður langtímalán um 17,7 ma.kr. Þegar öllu hefur verið stillt saman þá er úppfyllt fjárförf ársins tæplega 4,7 ma.kr. Þar sem staða fjármögnunarhreyfinga hjá Reykjavíkurborg er jákvæð um 2,0 ma.kr. þá er úppfyllt fjárförf hjá öðrum sveitarfélögum hærri sem þeirri fjárhæð nemur. Því er staða fjármögnunarhreyfinga hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar neikvæð um 6,7 ma.kr.

Staða fjármögnunarhreyfinga gefur til kynna hvort sveitarfélög hafa náð að uppfylla fyrirsjáanlega fjárförf í fjárhagsáætlun eða ekki. Þar sem fjármögnunarhreyfingar eru neikvæðar er ljóst að ekki liggur fyrir hvernig eigi að fjármagna fyrirsjáanlegar fjárfestingar og / eða afborganir lána. Því má síðan ekki gleyma að vegna efnahagsástandsins er ekki tryggt að öll sveitarfélög nái að uppfylla lánsfjárförf sína á árinu.



3. Efnahagsreikningur

Í efnahagsreikningi er birt yfirlit um eignir sveitarfélaganna og hvernig þær eru fjármagnaðar. Eignum er skipt upp í fastafjármuni og veltufjármuni eftir því hve auðvelt er að losa það fjármagn sem bundið er í eignum. Skuldahlíð efnahagsreiknings er skipt upp í skuldbindingar (sem eru fyrst og fremst lífeyrisskuldbindingar) og langtímaskuldir og skammtímaskuldir. Mismunur eigna og skulda er eigið fé.

Í töflu 6 kemur fram yfirlit um efnahagsreikning sveitarfélaganna.

tekið frekar góð. Fróðlegt er í þessu sambandi að skoða efnahagsreikninginn í krónum á íbúa. Á þann hátt fæst betri möguleiki á að bera stöðuna saman milli einstakra flokka.

Hér kemur glöggt fram að skuldir og skuldbindingar á íbúa í A-hluta sveitarsjóða eru lægstar í Reykjavík. Þær eru hæstar á íbúa á „Vaxtarsvæði“ en nokkuð lægri í öðrum flokkum. Eiginfjárhlutfall Reykjavíkurborgar er 55,6% á meðan það er 31,7% hjá „Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“ og 35,4% á „Vaxtarsvæði“. Samkvæmt þessum niðurstöðum er efnahagur sveitarfélaganna að jafnaði sterkur. Á það ber þó að minna að hér

Tafla 6. Efnahagsreikningur

M.kr.	Reykjavíkurborg	% af Höfuðborgarsv. eignum	án Rvk	% af eignum	Vaxtarsvæði	% af eignum	Önnur sveitarfélög	% af eignum	Samtals	% af eignum
Fastafjármunir	126.469	87,7%	109.025	91,5%	109.861	88,3%	48.399	75,2%	393.754	87,1%
Veltufjármunir	17.704	12,3%	10.139	8,5%	14.568	11,7%	15.985	24,8%	58.396	12,9%
Eignir	144.173	100,0%	119.164	100,0%	124.429	100,0%	64.384	100,0%	452.150	100,0%
Eigið fé	80.132	55,6%	37.827	31,7%	43.987	35,4%	29.210	45,4%	191.156	42,3%
Lífeyrisskuldbindingar	13.276	9,2%	14.472	12,1%	12.208	9,8%	9.601	14,9%	49.556	11,0%
Langtímaskuldir	39.616	27,5%	54.442	45,7%	55.171	44,3%	17.441	27,1%	166.670	36,9%
Skammtímaskuldir	11.149	7,7%	12.423	10,4%	13.063	10,5%	8.133	12,6%	44.768	9,9%
Skuldir og skuldbindingar samtals	64.041	44,4%	81.337	68,3%	80.442	64,6%	35.174	54,6%	260.994	57,7%
Skuldir og eigið fé	144.173	100%	119.164	100%	124.429	100%	64.384	100%	452.150	100%

Heildarskuldir og skuldbindingar sveitarféлага nema samtals um 261,0 ma.kr. Athuga ber að hluti af veltufjármunum sveitarfélaganna geta verið viðskiptakröfur á B-hlutastofnanir þeirra s.s. hafnir og félagslega íbúðarkerfið. Í ýmsum tilvikum er hæpið að þær kröfur verði greiddar. Því getur veltufjárstaðan verið ofmetin í einhverjum tilvika. Yfirleitt eru þó veltufjármunir verulega hærri en skammtímaskuldir sem segir að lausafjárstaða sveitarfélaganna sé í heildina

eru samandregnar niðurstöður fyrir einstaka flokka. Innan hvers flokks er iðulega til staðar töluverður breytileiki. Veltufjárhlutfall í hverjum flokki kemur fram í neðstu línu töflunnar. Það sýnir hlutfall milli veltufjármuna og skammtímaskulda. Þetta hlutfall á helst að vera hærri en 1,0 eða að veltufjármunir séu minnst jafnháir skammtímaskuldum. Ef veltufjárhlutfallið er lægra en einn þá fer að byggjast upp hætta á að lausafé sé ekki alltaf tiltækt þegar

þarf að greiða reikninga. Það hefur t.d. í för með sér aukinn vaxtakostnað. Því lægra sem veltufjárlutfallið er því meiri líkur eru á auka-kostnaði vegna þessa með tilheyrandi erfið-leikum. Það er lægst hjá „Sveitarfélögum á

höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“ en á landsvísi er það um 1,3 sem er í ágætu lagi. Breytileiki þessarar kennitölu er hins vegar nokkuð mikill milli einstakra sveitarfélaga.

Tafla 7. Efnahagsreikningur, kr. á íbúa

Kr. á íbúa	Reykjavíkurborg	% af eignum	Höfuðborgarsv. án Rvk	% af eignum	Vaxtarsvæði	% af eignum	Önnur sveitarfélög	% af eignum	Meðaltal f. landið	% af eignum
Fastafjármunir	1.064.428	87,7%	1.285.974	91,5%	1.544.471	88,3%	1.080.599	75,2%	1.232.350	87,1%
Veltufjármunir	149.006	12,3%	119.596	8,5%	204.801	11,7%	356.894	24,8%	182.765	12,9%
Eignir samtals	1.213.434	100,0%	1.405.570	100,0%	1.749.272	100,0%	1.437.494	100,0%	1.415.115	100,0%
Eigið fé	674.432	55,6%	446.180	31,7%	618.392	35,4%	652.165	45,4%	598.271	42,3%
Lífeyrisskuldbindingar	111.738	9,2%	170.695	12,1%	171.618	9,8%	214.360	14,9%	155.098	11,0%
Langtímaskuldir	333.429	27,5%	642.159	45,7%	775.611	44,3%	389.394	27,1%	521.633	36,9%
Skammtímaskuldir	93.836	7,7%	146.535	10,4%	183.650	10,5%	181.575	12,6%	140.113	9,9%
Skuldir og skuldbindingar samtals	539.002	44,4%	959.390	68,3%	1.130.879	64,6%	785.329	54,6%	816.844	57,7%
Skuldir og eigið fé	1.213.434	100%	1.405.570	100%	1.749.272	100%	1.437.494	100%	1.415.115	100%
Eiginfjárlutfall	55,6%		31,7%		35,4%		45,4%		42,3%	
Veltufjárlutfall	1,6		0,8		1,1		2,0		1,3	

Að lokum

Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru afgreiddar með hliðsjón af ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Í sveitarstjórnarlögum m.a. að finna ákvæði um fjármálareglur sveitarfélaga. Fjármálareglur sveitarstjórnarlaga kveða annars vegar á um jafnvægi í rekstri sveitarfélaga (A+B hluti) yfir hvert þriggja ára tímabil og hins vegar á um að skuldir og skuldbindingar skulu ekki vera hærri en sem nemur 150% af heildartekjum.

Sveitarfélögin hafa allt að 10 árum til að aðlaga sig að markmiðum skuldareglunnar.

Í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2013 kemur fram að veruleg áhersla er lögð á niðurgreiðslu lána. Ekki er annað að sjá en að stefnt sé að lækkun skulda á árinu í heildina lítið. Staða sveitarfélaga er þó misjöfn hvað þetta varðar. Til að geta greitt af lánum þá þarf

afkoma sveitarfélagsins að vera ásættanleg. Einnig er sýnilegt að sveitarfélögin gera ekki ráð fyrir mikilli aukningu fjárfestinga frá síðasta ári. Það er nokkuð áhyggjuefni með tilliti til atvinnulífs í landinu og atvinnustigsins almennt. Sveitarfélögin, rekstur þeirra og fjárfestingar skipta verulegu máli í rekstri þjóðarbúsins. Á hinn bóginn getur hver og ein sveitarstjórn ekki tekið aðrar ákvarðanir í þeim efnum en þær sem falla inn í fjármálastefnu sveitarfélagsins til framtíðar. Ákvarðanir um fjárfestingar hlýtur þannig fyrst og fremst að ráðast af fjárhagslegri getu viðkomandi sveitarfélags hverju sinni.

Alltaf ríkir ákveðin óvissa um þróun ýmissa afgerandi þátta eins gengur þegar efnahagslegar forsendur liggja ekki fyrir. Þar má til nefna þróun útsvarstekna, þróun ýmissa kostnaðarþátta í starfsemi sveitarfélaganna, hver verður þróun atvinnuleysis, þörf fyrir fjárhagsaðstoð og þannig mætti áfram telja. Þróun á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hefur áhrif á rekstur sveitarfél-

aganna hvað varðar þróun á ýmsum rekstrar-kostnaði. Verðbólga er annar þáttur sem skiptir miklu máli hvað varðar rekstur, efnahag og fjármagnsliði. Það er því ljóst að áframhaldandi varfærni og aðhald í rekstri sveitarfélaganna er óumflýjanlegt.

Almennt má segja að samkvæmt niðurstöðum fjárhagsáætlana sveitarfélaga fyrir árið 2013 þá sé afkoma þeirra og fjárhagsstaða í heildina tekið stöðugt að færast til betri vegar. Framlegð hefur vaxið, veltufé frá rekstri hefur aukist svo og hlutfall þess af heildartekjum. Veltufjárhlutfall hefur hækkað sem þýðir heilbrigðara hlutfall milli veltufjármuna og skammtímaskulda og sterkari lausafjárstöðu. Fjárfestingar sveitarfélaga munu vaxa nokkuð frá fyrra ári en engu að síður eru lán greidd niður í verulegum mæli. Haldi þessi þróun áfram mun það þýða fjárhagslega sterkari sveitarfélög með meiri möguleikum til að veita íbúunum góða þjónustu.



© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30 • Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Ábm.: Gunnlaugur Júlíusson
2013/03